



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Brekuborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	6
4 Innra mat deilda 2023-2024 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á starfsáætlun síðasta árs).....	9
5 Innra mat sérkennslu.....	13
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
8 Foreldrasamvinna.....	21
9 Skipulagsdagar	21
10 Fylgiskjöl	21
10.1 Skóladagatal Brekkuborgar 2024-2025	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
10.2 Mat á hreyfiþroska Brekkulaut	11
10.3 Umsögn foreldraráðs.....	22





Leiðarljós leikskólans: Lýðræði – Virðing - Vinátta

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2023 vantaði okkur fólk til starfa og af þeirri ástæðu dróst innritun nýrra barna. Síðustu börnin fengu inn í janúar 2024 og þá hálfan daginn (5-6 tíma). Ákveðið var að halda öllum deildum opnum og voru því færri börn á hverri deild en annars hefði verið. Uppeldisstarfið gekk vel og fundum við fljótt hvað minni barnahópar gerðu börnunum gott, hegðunarvankvæði minnkuðu og börnin voru ánægð. Mjög lítið þurfti að grípa til fáliðunar.

Í byrjun febrúar var tölvukerfi Brekkuborgar breytt. Þá vorum við flutt úr rvkskolar.is í reykjavik.is. Febrúarmánuður fór í alls konar tölvuvesen sem er að mestu leiti liðið hjá – kerfið fyrir prentarann er þó enn að stríða okkur.

Í apríl settust upp hjá okkur tveir hrafnar – þau Hrafnkell og Hrafninna og bjuggu sér til laup í einu grenitrénu á skólalóðinni. Sambúð fugla og manna gekk mjög vel og fór af stað heilmikið krummaverkefni hjá börnunum. Tveir ungar komust á legg og nú verður gaman að vita hvort parið komi aftur til að verpa næsta vor.

Brekkuborg er einn þeirra skóla sem tekur þátt í tilraunaverkefninu „Fyrir í frístund“. Útskriftarágangurinn okkar, börn fædd 2018, hættu 7.júní og bauðst að fara í frístund. Við tókum inn ný börn 18.júní og erum því hálfnuð með aðlögunina. Öll aðlögun verður kláruð fyrir 1.nóvember 2024. Gaman verður að sjá niðurstöðu endurmats verkefnisins sem mun fara fram að því loknu.

Í júní er fastur liður í fræðslu hjá okkur á Brekkuborg lýðveldisfræðsla. Í ár er lýðveldið 80 ára og á þessum tímamótum langaði okkur að gera eitthvað sérstakt. Við ákváðum að bjóða forseta Íslands, Guðna Th Jóhannessyni að koma í heimsókn og gróðursetja með okkur eitt lýðveldistré. Okkur til mikillar gleði þáði hann boðið og mætti til okkar á afmælisdaginn sinn þann 26.júní, en sagan er ekki öll. Eftir krókaleiðum frétti Vigdís Finnbogadóttir af þessari fræðslu okkar. Hún heiðraði okkur með heimsókn þann 2.júlí þar sem hún gróðursetti annað tré með börnunum og skoðaði skólann. Þessi tvö lýðveldistré verða pössuð vel af bæði börnum og starfsfólki.

Nú erum við á leið í sumarfrí en erum byrjuð að líta til haustsins. Eftir á að ráða í nokkrar stöður og munum við hafa atvinnuáglýsingu virka á meðan sumarlokun stendur. Við erum alltaf bjartsýn og vonumst til að fá gott fólk til okkar. Aðlögun mun vonandi fara af stað seinnipartinn í ágúst og ljúka ekki seinna en 1.nóvember 2024. Ef ekki er búið að ráða í allar stöður, þá munum við þurfa að grípa til fáliðunar og senda börn heim.

Svala Ingvarsdóttir
Leikskólastjóri Brekkuborg





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Grænuskrefin:

Við settum stefnuna á að innleiða fyrsta stig grænu skrefa. Við náðum að innleiða það en eigum bara eftir að fá vottunina. Næsta skólaár setjum við stefnuna á að klára skref 2 í það minnsta.

Ætlum að bæta Lýðræði, sjálfstæði barna, við fórum af stað með að bæta lýðræði og sjálfstæði barna. Við höfðum börnin meira með í ráðum með hvað okkur og þeim langaði að gera og hvernig. Þau fengu að koma sínum hugmyndum áleiðis í samverustundum og með almennu spjalli. Við vorum með samverustundir þar sem við áttum fund með börnunum um hvaða dagar væru og hvað okkur langaði að gera hvað varðar dagana eins og til dæmis með vorið, gömlu dagana, jólin o.s.frv. Börnin hafa svo oft á tíðum skemmtilega sýn á lífið og tilveruna sem við kennararnir reynum að grípa og framkvæma með þeim.

Vinátta er eitthvað sem við þurfum að vinna með allt skólaárið jafnt og þétt. Við ræðum við börnin um fjölbreytileikann, að það eru ekki allir eins og við þurfum að hlusta á aðra og bera virðingu fyrir öllum. Við erum dugleg með að bjóða börnum á milli deilda þar sem ný vinátta myndast. Við vinnum með val þar sem börnin geta valið um vinnustöðvar og þau veljast þar saman þvert á hópa og vini.

Bæta söngstundina, okkur fannst söngstundin orðin frekar þurr svo stefnan var tekin í að hrista upp í henni. Deildirnar skiptust á að vera með söngatriði í sal. Það var mjög skemmtilegt og börnin æfðust í að koma fram og vera í hlutverkum. Við ætlum að hrista enn frekar upp í henni næsta skólaár með því að vera með þulur, leikrit og meira krefjandi lög.

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Við ræddum við börnin um hvað hafi gengið vel og hvað ekki. Hvort við vildum gera hlutina eins eða breyta einhverju. Matið fór fram með spjalli við börnin.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Börnin og starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það er svo gaman að sjá og uppgvötva hvað börnin hafa miklar skoðanir á hlutum og hvað þau eru opin með að segja hvað þeim finnst. Það sem við viljum gera er að hlúa betur að þeim sem eru þögn og til baka.





Ytra mat:

Könnun var lögð fyrir starfsmenn af Reykjavíkurborg um líðan og starfsaðstæður starfsfólks í október / nóvember 2023.

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Með könnun á netinu.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn Brekkuborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Starfsfólk er ekki sátt við laun, vinnuskilyrði eða tölvu- og tækjabúnað. Starfsfólk er ánægt með starfsandann, jafnrétti og ánægju og stolt yfir vinnustaðnum.</p> <p>Við getum bætt laun með kjarasamningum sem eru núna lausir, það er erfiðara að bæta vinnuaðstöðu en til stendur á komandi árum að taka vinnurými Brekkuborgar í gegn þannig að vinnuumhverfið lagast. Það hefur reynst erfitt að fá tölvumálin í 100% lag en með góðum samskiptum ættu þau að lagast.</p> <p>Við verðum að halda áfram með að næra starfsandann sem er sameiginlegt verkefni og erum við að taka í notkun samskiptasáttmála sem allir þurfa að koma að og samþykkja. Við þurfum líka að einbeita okkur á að laga streitueinkenni sem við gerum með samskiptasáttmálanum og góðri samvinnu.</p>





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Skólanámskráin verður endurskoðuð og útbúin matsáætlun fyrir skólaárið. Við ætlum að taka inn kafla í hverjum mánuði. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar halda fund einu sinni í mánuði þar sem við tökum fyrir einn kafla í einu og svo er farið yfir áætlunin á starfsmannafundi með öllum starfsmönnum.

Söngstund, Bæta söngstundina. Hugmyndir að börnin dragi upp lög úr krukku. Hreyfilög, ljóð og þulur, leikrit, hressa upp á lögin þ.e.a.s. meira fjör. Við ætlum að setja upp kjarnasöngva, lög mánaðarins, nota spotify og leyfa börnunum að heyra í bakrunni með leiknum.

Samskiptasáttmáli: Við bjuggum til nefnd með einum fulltrúa yngri deila og einum fulltrúa eldri deilda. Fulltrúi yngri deilda er í Eflingu og fulltrúi eldri deilda er í KÍ. Þær eru báðar reynslumiklar í starfi leikskóla. Með þeim í nefndinni er aðstoðarleikskólastjóri. Þær settust niður með áður unna vinnu um samskipti sem hefur verið í gangi í leikskólanum. Nefndin hefur skilað af sér grunnhugmyndum um samskiptasáttmála sem á eftir að leggja fyrir starfsmannafund og með trúnaðarmönnum leikskólans. Þegar allir hafa komið að gerð sáttmálans þá verður hann tekin í notkun og kynntur bæði yfirmönnum leikskóla og foreldrum.

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat Skólanámskrá	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Við ætlum að gera áætlun um að yfirfara nokkra kafla í skólanámskrá.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að endurmeta og bæta það sem hefur verið unnið áður.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með samvinnu allra starfsmanna.
Ábyrgð	Leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við byrjum á að meta í ágúst 2024. Við metum matið með fundum og samtali. Endurskoðaðri námskrá á að skila 1.janúar 2025





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við vinnum saman að verkefnum og með samvinnunni ætlum við að vera með betri og endurbætta námskrá
--	--

Stjórnun-
mannauður/leikskólabragur-
innra mat **Söngstund**

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Við stefnum á að endurbæta og stokka upp sameinginlegum söngstundum í sal.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að gera söngstundir skemmtilegri, meira krefjandi og lifandi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hver deild sér um að koma með söngatriði einu sinni í mánuði. Við ætlum að æfa meira krefjandi söngva sem reynir meira á orðaforða barnanna.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við byrjum í ágúst 2024 og endum í júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við metum eftir hverja söngstund með því að hlusta og upplifa. Í september 2024, janúar og apríl 2025 munum við halda barnafund með elsta árgangi skólans til að fá þeirra hugmyndir og skoðanir á söngstundinni
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við stefnum á að vera með öruggari börn sem njóta þess að syngja og koma fram fyrir framan aðra.





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat Samskiptasáttmáli	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Okkar markmið í vetur er að efla og undirstrika mikilvægi góðra samskipta á vinnustaðnum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólkið upplifi vellíðan í vinnu og sálrænu öryggi og að þeir ákveði í sameiningu hvernig hegðun þeir vilji að ríki á vinnustaðnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við gerum með okkur samskiptasáttmála sem allir koma að og samþykkja.
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við erum byrjuð með grunnvinnu en annars byrjum við í ágúst 2024 og áætluð verklok eru í október 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við verðum með rýnihópa, fundi og svo könnun í lok maí 2025
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allir upplifi sálrænt öryggi og vellíðan í vinnunni.





4 Innra mat

4.1 Brekkulind og Brekkulyng deildar/deilda 2023-2024 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á starfsáætlun síðasta árs).

Styrkleikar Við náðum að halda þeim markmiðum sem við settum okkur síðastliðinn vetur, vettvangsferðir og hópastarf (hreyfing í sal, myndlist ,og tónlist). Mikil og góð samvinna er á milli þessara tveggja deilda, samvinnan stuðlar að því að börnin þekja alla kennarana og börnin finna félagá á milli deilda.

Tækifæri : Felast í markvissari og sýnilegri skráningum beggja deilda. Við útbúum færni blað fyrir hvert barn þar sem við skráum námsferil og þroska barnanna.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Brekkulind og Brekkulyng – börn fædd 2021 og 2022
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Sjálfstyrking að börnin þori að koma fram og tjá sig
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samverustundir 1x í viku þar sem þau standa fyrir framan hóp og syngja eða segja frá og grípa tækifæri þegar þau gefast.
Ábyrgð	Deildastjóri og allir deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 mun þetta verða rauður þráður í gegnum allt okkar starf í framtíðinni.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á vori í lok skólaárs. Umræður á deildafundum Yfir veturinn og samtal að vori með börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin nái þeirri færni að geta tjáð sig fyrir framan aðra.





Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Brekkulind og Brekkulyng
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Málörvun að auka orðaforða, skilning og tjáningu á íslenski tungu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við setjum orð á alla hluti og athafnir. Notum Lubbi finnur málbein, börnin eru í litlum hópum í sögustundum, einnig eru Lubbastundir einu sinni í viku fyrir alla þar leggjum við inn máhljóð vikunnar. Við notum bókina orð eru ævintýri til að leggja inn ný orð.
Ábyrgð	Allir deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í September 2024 og lýkur vorið 2025 .
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Símat yfir allan veturinn. Matsaðferðir Tras, Efi, hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn.

4.2 Innra mat Brekkulundur 2023-2024

Styrkleikar: Við náðum flestum þeim markmiðum sem við settum okkur. Mjög vel gekk að leyfa börnunum að stýra alstundum. Þau urðu fróðari um veðurfar og orðaforði þeirra jókst. Frjálsi leikurinn gekk mjög vel. Áhugamál barnanna smitaðist út í leikinn. Teljum við að markviss málörvun hafi eflt gæði leiksins.

Tækifæri: Við sjáum tækifæri með nýjum barnahóp að efla málþroska, sjálfshjálp og samvinnu. Við eflingu á teiknifærni á teiknifærni eru tækifæri að bæta fínhyrfingu og ná réttu gripi. Allt þetta teljum við muni skila sér í bættu sjálfstrausti.

Brekkulundur/3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Teiknifærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Þau geti teiknað skýra sjálfsmýnd





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna í litlum hópum. Byrjum á því að tala um líkaman og helstu líkamshluta. Sjálfsmynd teiknuð að hausti og vori Og fylgst með framförum.
Ábyrgð	Hópstjórar og deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 en verður unnið jafnt og þétt allan veturinn
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Myndir hvers barns tekin fyrir á deildarfundum og í lok skólaárs matið hversu mikið hefur áunnist.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin geti teiknað alla helstu líkamshluta t.d. höfuð með augu og augastein, nef, munn með tönnum, hár og eyru. Börnin nái að tengja höfuð við bók með háls. Teikni bók með fætur og hendur.

Brekkulundur/3-4 ára	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samvinnuverkefni þar sem við ætlum að vinna með dýrapema. Tvö og tvö börn vinna saman, velja sér dýr sem þau vinna saman með.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að þau læri að vinna saman, afla upplýsinga og miðla þeim
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Byrjum á því að börnin kjósa saman hvaða dýr þau vilja fræðast um í vetur. Þau pör sem hafa parast saman velja dýr úr bókum og hjálpast að við leit að upplýsingum um dýrin með aðstoð kennara.
Ábyrgð	Deildarstarfsfólk og deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræðuhópum með kennara og verkum barnanna





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að vekja áhuga barnanna á dýrum og þeirra háttum. Að þau læri að vinna saman og bera virðingu fyrir skoðunum og hugmyndum annara. Þau læri að koma fram með að segja og fræða hin börnin um hvað þau uppgötvuðu og lærðu um dýrið sitt.

Brekkulundur/3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka málþroska barnanna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lesi, spila, syngja og fara með þulur. Einnig er stefnt að því að börnin búi til málörvunar bók í appinu Book creator. Þar eru ýmsir þekkingafærni skráð niður. Einnig tekin upp hljóðamyndum barnsins og er hluti af „bókinni“.
Ábyrgð	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 til Vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum að hausti og síðan vori þar sem hlustað er á hljóðamyndum barns.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að þau ná tilskildum málþroska í lok skólaárs





4.3 Innra mat Brekkulaut 2023-2024

Starfið hefur gengið vonum framar í vetur þrátt fyrir starfsmannavanda. Á Brekkulaut hefur starfað einn starfsmaður í 100 prósent stöðu, hin 1,75 stöðugildin hafa vera fyllt upp af starfsfólki sem er í hlutastörfum. Það var ekki alltaf sami starfsmannahópurinn fyrir og eftir hádegi. Þetta hefur skapað vissan óstöðugleika inn á deild. Börnin stóðu sig mjög vel þrátt fyrir þetta og heppilegt var að þessi vaktaskipti hafðu litil áhrif á líðan barnanna inn á deild. Það er vegna þess að samvinna í leikskólanum er mikil og börnin þekkja alla kennarana mjög vel.

Þetta hefur óneitanlega haft áhrif á faglega starfið hjá okkur. Við gátum því miður ekki fylgt eftir því að fara eins oft í vettvangsferðir eins og til stóð.

Verkefnastundir hafa verið einu sinu viku og gekk það eftir. Eins og á fyrri árum fundum við fyrir miklum áhuga og framförum hjá börnum þegar leið á árið. Skráning á þar til gerð blöð sýndu mikla framfarir og þekkingu á stöfum og stafagerð milli hausts og vors. Öll börn úr skólahópi höfðu náð þekkingu í að skrifa nafnið sitt eða gælunafn áður en útskriftin var. Sum reyndar voru byrjuð að skrifa orð og jafnvel lesa.

Lubba stundir hafa komið sterk inn í ár með fullt af nýjum og skemmtilegum verkefnum tengt með Lubbahljóðum í hverju viku. Við útvíkkuðum Lubbavinnuna með því að þegar við erum til dæmis að vinna með stafinn D að finna á landakortinu sem við erum með inn á deild bæ sem byrjar á D eins og til dæmis Dalvík. Þá erum við búin að prenta út mynd af Dalvík og ýmsan fróðleik sem viðkemur Dalvík. Einnig höfum við fyllt poka af hlutum sem eiga það sameiginlegt að byrja allir á sama stafnum. Og börnin sjá þá sjónrænt hvað byrjar á t.d. stafnum J. Þessi aðferð hefur vakið upp mikinn áhuga hjá börnunum um stafi og skrif orða sem og hefur líka vakið mikinn áhuga barnanna á landafræði og landinu okkar.

Styrkleikar : Styrkleikar deildarinnar felast í því að það er einn árgangur í ár – öll börnin eru fædd 2019.

Tækifæri : Að efla og styrkja börnin enn frekar í leik og starfi.





Brekkuhlaut (börn fæð 2019)	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mat á gróf- og fín hreyfingum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnunum er skipt í hópa í sal þar sem starfsmaður er með börnunum í hreyfistund.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stefnt er að hafa hreyfistund einu sinni í viku fyrir öll börn á deildinni.
Ábyrgð	Deildarstjóri ásamt starfsfólki á deild.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Mat á hreyfi þroska fer fram tvisvar á skólaárinu. Fyrsta skipti í ágúst/september og seinni í apríl/maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat á bæði gróf- og fín hreyfingum fer fram með skráningu á sér útbúnum eyðublöðum. (sjá fylgiskjöl)

Brekkuhlaut (börn fædd 2019)	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lýðræði barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla sjálfstraust og auka lýðræði í leikskólanum og hafa glaðari börn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin fá eitt skipti á skóla önn að vera í barnaráðshópi. Þau fara á fund og ráða hvað er gert einn og einn dag.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkefnið mun standa yfir allt skólaárið (ágúst '24 til júní '25) Með nýjum mánuði kemur nýr barnaráðshópur.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundagerð verður gerð eftir hvern barnaráðsfund. Í lok barnaráðsdags munum við hafa viðtal við börnin um þeirra upplifun.





5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslustjóri, stuðningur og stuðningur í snemmtækri íhlutun sáu að mestu um sérkennsluna. Sérkennslan fór að mestu fram í almennu starfi og í einstaklingsaðstæðum eða í litlum hópum eftir þörfum. Börn sem þurftu á stuðningi voru með sína einstakl.áætlun. Allt starfsfólk leikskólans kemur að öllum börnum og eru starfsmenn annarra deilda fræddir um sérþarfir barna á starfsmannafundum. Sérkennslustjóri og stuðningsaðilar sáu um skráningu á þar til gerðum eyðublöðum.</p>	
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Orðaskil, EFI, TRAS, AEPS, ABLLS, Hljóm -2, Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn, Íslenski þroskalistinn</p>	
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Smáforrit í spjaldtölvu eins og Bitsboard, Orðalykill, Orðaspjall og ýmiskonar spil, Hljóðasmiðjur Lubba, Lærum og leikum, Orð eru ævintýri og annan efnivið. Nýtum okkur Widget online til að gera námsgögn.</p>	

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
<p>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</p>	<p>Við erum búin að fá rúmlega 80% stöðu fyrir snemmtæka íhlutun sem hefur gagnast okkur mjög vel en því miður er það ekki nóg og við munum halda áfram með að innleiða hluta af málörvun inn í deildarstarf.</p> <p>Að halda áfram að innleiða hluta af málörvun inn í deildarstarf.</p> <p>Deildar munu einblína á að skipta hópnum í tvennt og hafa annan hópinn inni á meðan hinn er í útiveru. Vinna markvisst með málörvun með þeim sem inni eru þá er markvisst farið í spil eða unnið með orðaforða á annan hátt. Sérkennslustjóri mun leiðbeina og aðstoða við skipulagningu. Erum búin að gera málörvunaráætlun fyrir hverja viku ársins út frá bókinni Orð eru ævintýri. Lögð áhersla á að allir fái tvisvar í viku að skoða saman og lesa um „opnu vikunnar“ og vinna með orðaforðann, unnið frekar</p>





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka málþroska barna í leikskólanum í minni hópum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að deildir skipti hópnum í tvennt, einn hópur fer út á meðan annar er inni. Vinni með málörvun í minni hópum. Vinni með orðaforða úr Orð eru ævintýri markmið vikunnar, hugtakaskilning, hljóðkerfisvitund og Lubba.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2024 og lýkur febrúar 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Sérkennslustjóri situr deildarfundum og metur gang mála með starfsfólki. Farið yfir skráningar á markmiðum út frá Orð eru ævintýri. Sérkennslustjóri fer yfir markmiðin á deildarfundum. EFI, TRAS og Hljóm 2 tekið með börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Leggjum EFI, TRAS og Hljóm fyrir 2025 og miðum við próf fyrri ára.





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fer í námsgögn	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Vinum með grunnorðaforða inni á deildum. Gefðu 10 er notað á öllum deildum og einhverjar deildir skrá niður Gefðu 10 svo að það sé munað eftir því markvisst.	
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Erum búin að gera málörvunaráætlun fyrir hverja viku ársins út frá bókinni Orð eru ævintýri. Lögð áhersla á að allir fái tvisvar í viku að skoða saman og lesa um „opnu vikunnar“. Á tveimur eldri deildunum er hópnum skipt upp, annar fer út og hinn er inni og þá er markvisst farið í spil eða unnið með orðaforða á annan hátt.	
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramar í íslensku eru notaðir til að meta framfarir, einnig leggjum við fyrir EFI og TRAS.	
Er hugað að öllum þáttum í læsi stefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er hugað að öllum þáttum málsins á öllum deildum, misjafnar áherslur hvort um sé að ræða yngri eða eldri deildir.	

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leggja inn grunnorðaforða í litlum málörvunarhópum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að leggja inn grunnorðaforða og auka orðaforða þeirra sem hafa verið lengur í íslensku málumhverfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota Gefðu 10 markvisst inni á deildum og hafa litla málörvunarhópa þar sem þeim er kenndur íslenskur orðaforði. Sögustundir sem henta viðkomandi aðilum.





Ábyrgð	Tengiliður fjölmennningar, stuðningur í snemmtækri íhlutun og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 og lokið í febrúar 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mars 2025. Farið yfir skráningar deilda á Gefðu 10 og hjá stuðningi í snemmtækri íhlutun. Skráning á sögustundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskólum lagður fyrir þegar börnin eru búin að vera ca. 3 mánuði í íslensku málumhverfi og svo aftur 3 mánuðum síðar. Að börnin nái að fylgja þeim markmiðum sem eru sett þar varðandi íslenskan orðaforða.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Deildarstjórar hafa tekið starfsþróunarsamtöl við sína starfsmenn tvisvar yfir skólaárið og munu gera það einnig næsta skólaár.

Nýir starfsmenn fengu nokkur viðtöl á fyrstu mánuðum starfsins.

Fræðsla:

- Trúnaðarmaður Eflingar fór mánaðarlega á trúnaðarmannanámskeið allt starfsárið
- Sérkennslustjóri fór reglulega yfir allt starfsárið á fundi sérkennslustjóra og fundi tengiliða fjölmenningar
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fóru á farsældarþing í september 2023
- Sérkennslustjóri fór á ABLLS námskeið í október 2023 til janúar 2024 (nokkur skipti)
- Sérkennslustjóri og deildarstjóri elstu deildar fóru á Wddgt námskeið í október 2023
- Deildarstjóri elstu deildar fór á TRAS námskeið í nóvember 2023
- Tveir starfsmenn fóru á námskeið í Borgartúni um starfslok sem haldið var í nóvember 2023
- Fyrir hádegi á skipulagsdegi í nóvember 2023 fengum við fyrirlestur um heimspeki. Haldið í samvinnu við Maríuborg
- Starfsmaður með sértæka íhlutun fór á PECS námskeið í desember 2023
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á vinnustofu um viðverustjórnun í janúar 2024
- Sérkennslustjóri og starfsmaður með sértæka íhlutun fóru á Bits Board námskeið í janúar 2024
- Starfsmaður með sértæka íhlutun fór á námskeið um einhverfu í janúar 2024
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fóru á farsældarþing í febrúar 2024
- Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður fóru á námskeið í Borgartúni í febrúar 2024
- Deildarstjórar og sérkennslustjóri sóttu stjórnunarnámskeið hjá SFS. Þrjú skipti á vorönn 2024. Á Haustönn 2024 verða svo síðustu tvö skiptin
- Deildarstjóri elstu deildar og starfsmaður með sértæka íhlutun fóru á námskeið um einhverfu í apríl 2024
- Allir starfsmenn tóku þátt í menntastefnumóti á skipulagsdegi í maí 2024
- Starfsmenn nýttu sér Torgið – ekki eins mikið eins og við hefðum viljað en mikið af frábærri fræðslu er þar inni





7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Húsaskóli, Kastali (frístund) og Brekkuborg hafa verið í góðu samstarfi í gegnum árin og hafa verið gagnkvæmar heimsóknir á milli starfsstaðanna. Hér má sjá samstarfsplan 2024-2025.

Samstarf Brekkuborgar og Húsaskóla 2024-2025			
Mánuður	Dags	Tími	Viðburður
Oktober 2024	3.	09:50	Brekkuborg kemur í frímínútur í Húsaskóla
	9.	10:20	1.bekkur kemur í heimsókn í Brekkuborg. Ávextir í boði
Nóvember 2024	4.	14:00	1.bekkja kennari og íþróttakennari Húsaskóla koma á Brekkuborg á samráðsfund. Staða 2018 hópsins og áherslur skólaársins 2024-
	6.	10:15	Brekkuborg í spilastund með 1.bekk í Húsaskóla
	15.	09:00	7.bekkur í heimsókn á Brekkuborg og les fyrir leikskólabörnin
	26.	10:20	Brekkuborg í ratleik í Húsaskóla
Desember 2024	11.	10:10	Jólastund Brekkuborgar og 1.bekks í Húsaskóla. Brekkuborg með heilgileik og Húsaskóli með atríði. Veitingar BB með smákökur og Húsaskóli með safu og mandarínur. Foreldrum boðið að koma
Janúar 2025	13.-17.	??:??	Brekkuborg í íþróttatíma með 1.bekk (þrið eða fös)
	30.	10:10	7.bekkur í heimsókn á Brekkuborg og les fyrir leikskólabörnin
Febrúar 2025	7.	10:20	1.bekkur í heimsókn á Brekkuborg
Mars 2025	10.	10:10	Brekkuborg í heimsókn til skólustjóra og í Kastala
	21	10:10	4-5 barna hópur af Brekkuborg í heimsókn til 1.bekkjara, 2 kennslustundir, frímínútur og matur.
	28.	10:10	4-5 barna hópur af Brekkuborg í heimsókn til 1.bekkjara, 2 kennslustundir, frímínútur og matur.
Apríl 2025	4.	10:10	4-5 barna hópur af Brekkuborg í heimsókn til 1.bekkjara, 2 kennslustundir, frímínútur og matur.
	11.	10:10	4-5 barna hópur af Brekkuborg í heimsókn til 1.bekkjara, 2 kennslustundir, frímínútur og matur.
	29.	14:00	Brekkuborg fer í Kastala - leikur og kaffitími
Mai 2025	12.	13:10	Skilafundur í Húsaskóla vegna barna fædd 2019
	15.	8:30-9:50	Tilvonandi nemendum Húsaskóla boðið ásamt foreldrum sínum í skólaheimsókn
	22.	17:00	Vorhátíð Húsaskóla
Júní 2025	11.	14:00	Skipulagsfundur í Húsaskóla fyrir starfsárið 2025-2026





8 Foreldrasamvinna

Tveir foreldrafundir voru haldnir í september 2023

Boðið er upp á að lágmarki tvö foreldraviðtöl á ári. Á haustönn bjóðum við að taka símaviðtöl ef foreldrar vilja en á vorönn eru viðtölin í leikskólanum. Foreldrar geta alltaf fengið viðtöl við deildarstjóra eftir þörfum.

Kaffidagar eru a.m.k. fjórum sinnum á ári og er þá aðstandendum boðið í leikskólann— ömmu og afakaffi er á degi íslenskrar tungu 16.nóvember, Þorakaffi er á bóndadegi og Góukaffi er í Góu byrjun, föndurdagur foreldra er í lok nóvember og opið hús er síðan á vormánuðum.

Aðallega fer foreldrasamvinnan fram í daglegum samskiptum. Í Völuappinu eru upplýsingar um matseðil og viðburði á döfinni ásamt því að starfsmenn yngri deilda skrá svefn og matarlyst barnanna daglega. Deildarstjórar senda fréttakorn af deildarstarfinu vikulega í tölvupósti.

Foreldraráð er starfandi við skólann. Kosið er í foreldraráðið á foreldrafundum í september.

Foreldrafélagið Eik er starfandi við skólann. Foreldrafélagið er virkt í starfi skólans og kemur t.d. að skipulagi og fjármögnunar fyrir jólaballið, fjármögnun hádegisverðar í útskriftarferð elsta árgangsins, farið var í sveitaferð einn laugardag í maí og leigðu fyrir okkur tvo hoppukastala á þjóðhátíð Brekkuborgar sem var 14.júní síðastliðin. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á foreldrafundum í september

9 Skipulagsdagar 2024-2025

- Föstudagur 27. september 2024 – Skipulagsdagur – Sameiginlegur í Grafarvogi
- Föstudagur 22. nóvember 2024 – Skipulagsdagur – Sameiginlegur í Grafarvogi
- Fimmtudagur 6. febrúar 2025 – Skipulagsdagur – Sameiginlegur í Grafarvogi
- Miðvikudagur 12. mars 2025 – Skipulagsdagur
- Mánudagur 9. apríl 2025 – Skipulagsdagur
- Þriðjudagur 20. maí 2025 – Skipulagsdagur

10 Fylgiskjöl

10.1 Skóladagatal Brekkuborgar 2024-2025

10.2 Skráning hreyfi þroski Brekkulaut

10.3. Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans





Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

10.3 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð leikskólans Brekkuborg hefur gefið umsögn um starfsáætlun fyrir leikskólaárið 2024–2025. Í umsögninni lýsir foreldraráð yfir ánægju sinni með skýrsluna og hversu auðlesanleg og vel uppsett hún er. Lögð er áherslu á að unnið sé markvisslega með þá þætti sem koma fram í innra mati deilda.

Foreldraráði finnst frábært að sjá að mikil og góð fræðsla var fyrir starfsfólk leikskólans á síðasta starfsári. Ánægja er með að 3 starfsdagar leikskólans eru samnýttir með grunnskóla hverfisins Húsaskóla á komandi starfsári. Mikill skilningur er meðal foreldra um mönnunar vandann, en ánægja er með hversu lítil skerðing hefur verið á starfinu vegna þess og faliðunaráætlun beitt sjaldan til að mæta vandanum.

Foreldraráð lýsir yfir ánægju með þá staðreynd að starfandi matráður sé á leikskólanum sem eldi matinn á staðnum, en vill taka upp umræðu um notkun gjörinna matvara við upphaf næsta skólaárs.

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Anna Laufey Stefánsdóttir

Jóhanna Gísladóttir

Þórdís Adda Haraldsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði með rafrænni undirskrift

F. h. Leikskólans Brekkuborg

Svala Ingvarsdóttir

8.7.2024

Leikskólastjóri

Dagsetning



